

Ár 2007, miðvikudaginn 6. júní er dómþing í dómstól ÍSÍ sett og háð af Ólafi Björnssyni dómara að Austurvegi 3, Selfossi.

Fyrir er tekið:

Mál nr./2007

Víkingur, borðtennisdeild,

gegn

ÍBR

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

DÓMUR.

I.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu ÍSÍ 27.04.2007

Kærandi er Víkingur, borðtennisdeild, kt.660385-0379, Traðarlandi 1, 108 Reykjavík, Fyrirsvarsmaður: Ólafur K. Ólafs, kt110557-4699, Lækjarási 6

Kærði er ÍBR kt. 670169-1709, Engjavegi 6, 104 R.
Fyrirsvarsmaður: Frímann Andri Ferdinandsson form.

Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól ÍSÍ þann af dómstjóra 27. apríl sl. Málið var flutt skriflega. Greinargerð kærða barst 10. maí 2007. Athugasemdir við greinargerð kærða bárust 18. maí 2007 og loka athugasemdir frá kærða bárust 29. maí 2007.

Framlögð gögn:

1. Erindi BTÍ til laganefndar ÍSÍ 15/11 2006 auk fylgiskjala,
2. Niðurstaða Laganefndar ÍSÍ 21/11 2006.
3. Kæra Borðtennisdeildar Víkings 27/4 2007 auk fylgiskjala.
4. Greinargerð stjórnar ÍBR 10/5 2007.
5. Athugasemdir Víkings við greinargerð stjórnar ÍBR vegna kæru borðtennisdeildar Víkings 18/11 2007.
6. Athugasemdir ÍBR 29/5 2007.
7. Bréf formanns Knattspyrnufélagsins Víkings til dómstóls ÍSÍ dags. 21. maí 2007.

Dómkröfur kæranda.

Borðtennisdeild Víkings gerir kröfu um að ákvörðun um fjölda og skiptingu fulltrúa milli félaga innan ÍBR á ársþing BTÍ sé **á forræði sérsambands**, hér BTÍ, sbr. 54. gr. laga ÍSÍ, og að skipting fulltrúa á ársþing BTÍ fari **eftir tölu iðkenda**, sbr. 5. gr. laga BTÍ.

Þess er krafist að dómstóll ÍSÍ dæmi ákvörðun kærða, ÍBR, sem fram kemur í tölvupósti (fskj. 4) til formanna borðtennisdeilda KR, Víkings og Arnarins dags. 18. apríl 2007 ógilda þar sem ÍBR ákvarðar fjölda og skiptingu fulltrúa milli félaganna með öðrum hætti en fram kemur í 54. gr. laga ÍSÍ og 5. gr. laga BTÍ.

Dómkröfur kærða.

Aðalkrafa stjórnar ÍBR í þessu máli er að því verði vísað frá enda byggir kæran ekki á neinum lagarökum og er því ekki tæk til efnismeðferðar.

Auk þess sem gerð er athugasemd við hvort kærandi hafi umboð aðalstjórnar Víkings í þessu máli, en telja verður eðlilegt að kæra sem þessi sé á ábyrgð aðalstjórnar félagsins.

Varakrafa stjórnar ÍBR er að sá skilningur á lögum ÍSÍ og BTÍ sem fram kemur í vali stjórnar ÍBR á fulltrúum bandalagsins á þing Borðtennissambandsins þ.e. að stjórn ÍBR hafi frjálst val um hverja hún sendir sem fulltrúa bandalagsins á þing sérsambanda, verði staðfestur.

II.

Málavexti kveður kærandi þá að á árinu 2004 hafi stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur ákveðið að fulltrúar á sérsambandsþing verði framvegis valdir með hliðsjón af fjölda keppenda en ekki iðkenda.

Frjálsíþróttasambandið óskaði álits Laganefndar ÍSÍ hvort ofangreind ákvörðun stjórnar ÍBR væri studd réttmætum lagaheimildum.

Niðurstaða Laganefndar ÍSÍ 13/10 2004 við erindi FRÍ var eftirfarandi:

„Samkvæmt 54. gr. laga ÍSÍ er á **forræði sérsambanda** með hvaða hætti val fulltrúa á sérsambandsþing fari fram. Samkvæmt 5. gr. laga FRÍ, sbr. 19. grein sömu laga, skal miða við fjölda virkra frjálsíþróttamanna (**iðkenda**) við val fulltrúa á sérsambandsþing FRÍ. **Íþróttabandalög og héraðssambönd þurfa að lúta þeim reglum.** Framkvæmdastjórn ÍSÍ staðfesti álit Laganefndar á fundi sínum 8. október 2004.“

Borðtennissamband Íslands mótmælti ákvörðun stjórnar ÍBR að skipta fulltrúum á ársþing BTÍ 2006 eftir fjölda keppenda og vísaði því ákvörðun bandalagsins til Laganefndar ÍSÍ 15/11 2006 og spurði hvort ákvörðun þess væri studd réttmætum lagaheimildum.

Niðurstaða Laganefndar 21/11 2006 við erindi BTÍ var eftirfarandi:

“Á fundi Laganefndar ÍSÍ 21. nóvember 2006 var tekið fyrir erindi BTÍ þar sem óskað er eftir álit Laganefndar á því hvort ákvörðun stjórnar ÍBR að velja fulltrúa á ársþing BTÍ, með hliðsjón af fjölda keppenda en ekki iðkenda sé studd réttmætum lagaheimildum. Laganefnd vísar til niðurstöðu í máli Frjálsíþróttasambands Íslands frá árinu 2004 vegna sambærilegs tilviks en þar er komist að þeirri niðurstöðu að það sé á **forræði sérsambandanna** hvernig val fulltrúa á sambandsþing fari fram. Með slíkum reglum er ekki einvörðungu tekin afstaða til þess hvernig fjöldi fulltrúa ákvarðast heldur einnig með hvaða hætti sérsambandsþing skuli samsett. Samkvæmt 5. grein laga BTÍ skal **fulltrúafjöldi aðila fara eftir tölu iðkenda**. Vilji menn breyta þeim reglum verður að gera það á þingi viðkomandi sérsambands. Á fundi framkvæmdastjórnar 23/11 2006, var álit Laganefndar ÍSÍ staðfest.”

Framkvæmdastjóri ÍBR sendi, fyrir hönd stjórnar ÍBR, formönnum borðtennisdeilda félaga innan ÍBR tölvupóst, dags. 18. apríl 2007, þar sem tiltekin er ákvörðun ÍBR um skiptingu fulltrúa Reykjavíkurfélaganna á ársþing BTÍ 2007 eftir fjölda keppenda.

ÍBR taldi sig hafa forræði yfir því með hvaða hætti fulltrúar eru valdir á ársþing BTÍ og setti fram sömu skiptingu fulltrúa og 14/11 2006 þrátt fyrir niðurstöðu Laganefndar ÍSÍ 21/11 2006 um að ÍBR hafi ekki réttmæta lagaheimild til þess með öðrum hætti en fram kemur í 54. gr. laga ÍSÍ og 5. gr. laga BTÍ.

Málsástæður og lagarök kæranda:

Samkvæmt 54. gr. laga ÍSÍ er það á **forræði sérsambandanna** hvernig val fulltrúa á sambandsþing fer fram. Með slíkum reglum er ekki einvörðungu tekin afstaða til þess hvernig fjöldi fulltrúa ákvarðast heldur einnig með hvaða hætti sérsambandsþing skuli samsett.

Samkvæmt 5. grein laga BTÍ skal **fulltrúafjöldi aðila fara eftir tölu iðkenda**. Vilji menn breyta þeim reglum verður að gera það á þingi viðkomandi sérsambands eins og segir í niðurstöðu Laganefndar ÍSÍ 21/11 2006. **BTÍ**, ber því að skipta fjölda fulltrúa milli félaga innan ÍBR, svo og hjá öðrum félögum innan annarra íþróttabandalaga og héraðssambanda, á ársþing BTÍ **eftir tölu iðkenda**.

Borðtennisdeild Víkings gerir kröfu um að ákvörðun um fjölda og skiptingu fulltrúa milli félaga innan ÍBR á ársþing BTÍ sé á **forræði sérsambands**, BTÍ, sbr. 54. gr. laga ÍSÍ, og að skipting fulltrúa á ársþing BTÍ fari **eftir tölu iðkenda**, sbr. 5. gr. laga BTÍ.

Kærandi bendir á eftirfarandi:

- Samkvæmt 5. grein laga BTÍ skal miða við tölu iðkenda í borðtennis við val fulltrúa á sérsambandsþing BTÍ:

“Fulltrúafjöldi á borðtennisþing:

Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu iðkenda í borðtennis um síðustu áramót þannig að:

- a) Fyrir allt að 25 koma 2 fulltrúar.
- b) Síðan einn fyrir hverja 25 eða brot úr 25 í allt að 50 iðkendur.
- c) Síðan einn fyrir hverja 50 eða brot úr 50 upp í allt að 200 iðkendur.
- d) Þá 1 fulltrúa fyrir hverja 100 eða brot úr 100 iðkendur

Hver fulltrúi hefur aðeins eitt atkvæði.“

- Jafnframt segir í 2. grein laga BTÍ:
„Borðtennissamband Íslands er samband borðtennisráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga og eru öll félög innan ÍSÍ er iðka og keppa í borðtennis, aðilar að BTÍ.“
- Í 3. grein laga BTÍ kemur fram tilgangur BTÍ:
 - „a) Að hafa yfirstjórn allra íslenskra borðtennismála.
 - b) Að vinna að eflingu borðtennis á Íslandi og sjá um að haldin verði borðtennismót.
 - c) Að koma fram sem sameiningaraðili borðtennisfélaga hérlendis og erlendis.
 - d) Að vera í forsvari fyrir borðtennisíþróttina innan vébanda ÍSÍ.“
- Í 4. grein laga BTÍ kemur fram:
 - „Stjórn borðtennissambandsins:
 - a) Borðtennisþing fer með æðsta vald um málefni Borðtennissambandsins.
 - b) Á milli þinga fer réttkjörin stjórn með vald sambandsins.
 - c) Aðeins fulltrúar fullgildra félaga hafa rétt til atkvæða á þingum og fundum BTÍ.
 - d) Reikningsárið er almanaksárið.“

III.

Kærða, ÍBR var gefin kostur á að skila greinagerð vegna framangreindrar kæru. Með greinargerð dagsettri þann 10. maí s.l. komu eftirfarandi athugasemdir fram af þeirra hálfu:

Málavexti kveður kærði vera þá að Borðtennisdeild Víkings sætti sig ekki við þá aðferð sem stjórn ÍBR hefur viðhaft við skiptingu fulltrúa ÍBR á þing Borðtennissambands Íslands.

Undanfarin ár hefur stjórn ÍBR viðhaft þá aðferð að skipta fulltrúum ÍBR á milli aðildarféлага sinna þannig að það þjóni best hagsmunum allra sem stunda viðkomandi íþrótt. Hefur stjórn ÍBR lagt til grundvallar það starf sem er unnið á vegum einstakra aðildarféлага og kemur m.a. fram í fjölda þátttakenda í mótum viðkomandi íþróttageinar. Þarna hefur skráning einstakra aðildarféлага í sameiginlegan gagnagrunn íþróttahreyfingarinnar verið lagður til hliðar enda er sú skráning bæði ónákvæm og oft beinlínis röng.

Í þessu kærða tilviki eru fulltrúar ÍBR valdir þannig að borðtennisdeild Víkings fær 5 fulltrúa, borðtennisdeild K.R. fær 5 fulltrúa, Borðtennisfélagið Örninn fær 1 fulltrúa og stjórn ÍBR tilnefnir 1 fulltrúa. Samtals eru þetta 12 fulltrúar Íþróttabandalags Reykjavíkur, en það er sá fjöldi fulltrúa sem Bortennissamband Íslands úthlutaði ÍBR.

Málsástæður og lagarök kærða:

Samkvæmt lögum Íþrótt- og olympíusambands Íslands (ÍSÍ) eru fulltrúar á þingum sérsambanda fulltrúar einstakra íþróttabandalaga eða héraðssambanda. Í 54. gr. laga

ÍSÍ kemur fram að fulltrúafjöldi fari eftir fjölda iðkenda sambandsaðila. Þessi túlkun hefur verið staðfest af laganefnd ÍSÍ eftir meðhöndlun á erindum Frjálsíþróttasambands Íslands og Borðtennissambands Íslands. Í lögum BTÍ, 5. gr. kemur fram að “fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu iðkenda í borðtennis um síðustu áramót”

Stjórn ÍBR er ekki ósammála þessari túlkun laganefndar, en telur að það sé alfarið á valdi viðkomandi héraðssambands/íþróttabandalags að ákveða hvernig þeir skipta síðan sínum fulltrúum. Að mati stjórnar ÍBR þá er bæði í lögum ÍSÍ og lögum BTÍ verið að fjalla um fjölda fulltrúa á þingum sérsambanda ekki hvernig aðildarfélögin skipta síðan sínum fulltrúum, enda hefur stjórn ÍBR aðeins skipt þeirri fulltrúatölu sem bandalagið fékk úthlutað m.v. iðkendafjölda í borðtennis í Reykjavík.

Við síðustu úthlutun er því hvergi farið á svig við 54. gr. laga ÍSÍ um að “val fulltrúa á sérsambandsþingi miðist við fjölda iðkenda, félaga eða keppenda eða eftir annarri aðferð sem viðkomandi sérsamband ákveður, hvert héraðs-samband/íþróttabandalag skal þó a.m.k. eiga rétt á einum fulltrúa.”

IV.

Kærandi gafst tækifæri á að gera athugasemdir við greinargerð kærða, og bárust þær dómara 18.05.2007. Voru sjónarmið kæranda þar ítrekuð.

- Að það sé **á forræði sérsambandanna** hvernig val fulltrúa á sambandsþing fari fram.
- Með slíkum reglum er **ekki einvörðungu** tekin afstaða til þess **hvernig fjöldi fulltrúa ákvarðast** heldur **einnig með hvaða hætti sérsambandsþing skuli samsett.**
- Samkvæmt 5. grein laga BTÍ **skal fulltrúafjöldi aðila fara eftir tölu iðkenda.**
- Vilji menn breyta þeim reglum verður að gera það á þingi viðkomandi sérsambands. Á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ 23/11 2006 var álit Laganefndar ÍSÍ staðfest.

VI.

Kærði svaraði athugasemdum kæranda með viðbót við greinargerð sína mótt. 29. maí 2007.

Kærði ítrekar eftirfarandi **varðandi aðalkröfu um frávísun** málsins:

Kærandi virðist ekki gera sér grein fyrir skipulagi íþróttahreyfingarinnar. Má í því sambandi benda á að hann talar um borðtennisdeild Víkings sem sérstakt félag með kennitölu og sjálfstæðan efnahags- og rekstrarreikning. Af þeim sökum þurfi borðtennisdeild Víkings ekki umboð aðalstjórnar Víkings. Það er álit stjórnar ÍBR að borðtennisdeild Víkings sé deild í Knattspyrnufélaginu Víkingi og starfi á ábyrgð og í umboði aðalstjórnar Víkings. Það komi því ekkert við hvort deildin hafi kennitölu og sjálfstæðan fjárhag. Aðalstjórn Víkings ber alltaf alla ábyrgð á störfum stjórna einstakra deilda innan félagsins, bæði fjárhagslega og íþróttalega. Það er því alveg skýrt að álit stjórnar ÍBR að kera sem þessi verður að vera borin fram að hálfu aðalstjórnar Víkings eða a.m.k. árituð af henni til að hún teljist tæk fyrir dómi.

Varakrafa um sýknu:

Kærandi fullyrðir í sinni greinargerð að stjórn ÍBR skipti fulltrúum á sérsambandsþing í andstöðu við lög ÍSÍ. Hér verður kærandi aftur ber af því að gera sér ekki grein fyrir skipulagi íþróttahreyfingarinnar. Til að verða aðili að íþróttahreyfingunni verða tveir eða fleiri að stofna íþróttafélag, félag sem hefur iðkun íþróttá á stefnuskrá sinni. Þegar félagið hefur verið stofnað sækir það um inngöngu í héraðssamband eða íþróttabandalag. Eftir að félagið hefur verið samþykkt sem aðili að héraðssambandi eða íþróttabandalagi er það orðið aðili að íþróttahreyfingunni og fær þá keppnisrétt í þeim íþróttagreinum sem það stundar. Héraðssambönd, íþróttabandalög og sérsambönd eru síðan aðilar að Íþrótt- og Olympíusambandi Íslands. Þau tilnefna sína fulltrúa á þing ÍSÍ. Aðild að íþróttasamtökunum er því alltaf í gegnum héraðssambönd eða íþróttabandalög sem eru með aðild að ÍSÍ, engin íþróttafélög hafa beina aðild að heildarsamtökunum. Sama á við um aðild að sérsamböndum, sú aðild kemur alltaf í gegnum héraðssambönd eða íþróttabandalög. Einstök íþróttafélög eða deildir innan íþróttafélaga hafa ekki beina aðild að sérsamböndum. Á þingum sérsambanda eru þingfulltrúar fulltrúar einstakra héraðs-sambanda eða íþróttabandalaga, ekki einstakra félaga eða deilda.

Í lögum ÍSÍ og sérsambanda eru ákvæði um á hvern hátt skuli skipta fulltrúum á þing sérsambandanna. eru þar viðhafðar ýmsar aðferðir, en í aðalatriðum er miðað við iðkendur í viðkomandi íþróttagrein innan hvers íþróttahéraðs. Einstaka sérsamband hefur sett sér reglur um þessa skiptingu, sem eru meira í þá veru að styðjast við keppendur í mótum á vegum viðkomandi sérsambands við úthlutun á þingfulltrúum.

Rökin fyrir þessu fyrirkomulagi eru að þátttaka í mótum á vegum sérsambandsins sýni betur umfang starfsins í viðkomandi íþróttahéraði en fjöldi iðkenda. Ekki skiptir máli á hvern hátt fjöldi þingfulltrúa er ákvarðaður þeir eru alltaf fulltrúar einhvers íþróttahéraðs en ekki einstakra íþróttafélaga eða deilda.

Með hliðsjón af þessu telur stjórn ÍBR sig vera í fullum rétti að ákvarða á hvern hátt fulltrúum ÍBR á þing BTÍ eða annarra sérsambanda er skipt á milli einstakra félaga og deilda í Reykjavík. Það fyrirkomulag sem hefur verið notað í þeim tilvikum sem kærandi vísar til og almennt gagnvart þingum sérsambanda, stafar af því að skráning iðkenda hefur oft á tíðum verið mjög ónákvæm og ekki sýnt raunverulega starfsemi hlutaðeigandi íþróttafélaga eða deilda.

Það er ítrekað að stjórn ÍBR telur sig ekki vera að fara á svig við álit laganefndar ÍSÍ sem vísað er til bæði í kæru og athugasemdum kæranda. Sérsambandsþing ákvarða fjölda þingfulltrúa á sínum þingum, um það er ekki deilt, aftur á móti erum við ósammála um á hvern hátt skipta eigi fulltrúum ÍBR á þing sérsambanda. Laganefnd ÍSÍ fjallaði ekkert um það í sínu álit. Í lögum BTÍ eru engin nánari ákvæði um skiptingu þingfulltrúa en samkvæmt iðkendafjölda. ÍBR fékk úthlutað 12 fulltrúum á þingið og telur sig hafa fullan rétt á að ráðstafa þeim eins og hún telur best þjóna hagsmunum íþróttarinnar í Reykjavík.

VII.

Niðurstaða.

Formlið:

Kærandi þessa máls er sjálfstæður aðili innan íþróttahreyfingarinnar og jafnframt hefur hann umboð aðalstjórnar Víkings til að kæra ákvörðun ÍBR til íþróttadómstóls

ÍSí. Kæran styðst við lagagrundvöll íþróttahreyfingarinnar einkum 54. gr. laga ÍSí, sbr. 5. gr. laga BTÍ. sbr. 20. gr. laga ÍSí. Auk þess sem vísað er til álits laganefndar ÍSí frá 21. nóv. 2006. Engin rök eru því til frávísunar málsins, og er þeirri kröfu kærða hafnað.

Efnishlið:

Mál þetta snýst m.a. um túlkun á 5. gr. laga Borðtennissambandsins er fjallar um fulltrúafjölda á borðtennisþing en þar segir:

Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu iðkenda í borðtennis um síðustu áramót þannig að:

- a) Fyrir allt að 25 koma 2 fulltrúar.
- b) Síðan einn fyrir hverja 25 eða brot úr 25 í allt að 50 iðkendum.
- c) Síðan einn fyrir hverja 50 eða brot úr 50 upp í allt að 200 iðkendum.
- d) Þá 1 fulltrúa fyrir hverja 100 eða brot úr 100 iðkendum

Hver fulltrúi hefur aðeins eitt atkvæði.“

Óumdeilt er að skv. þessari reglu hefur ÍBR 12 fulltrúa á borðtennisþinginu en aðilar deila um hvernig eigi að skipta þeim fulltrúm milli aðildarféлага ÍBR innbyrðis.

Kærandi telur að við innbyrðis val á þessum 12 fulltrúm ÍBR á sambandsþing Borðtennissambands Íslands 2007, eigi að miða við skráningu einstakra aðildarféлага í sameiginlegan gagnagrunn íþróttahreyfingarinnar, þ.e. iðkendafjölda, og vísar þar til 54. gr. laga ÍSí sbr. 5. gr. laga Borðtennissambandsins og til álits laganefndar ÍSí frá 21. nóvember 2006. Laganefnd vísaði þar til niðurstöðu í máli Frjálsíþróttasambands Íslands frá árinu 2004 vegna sambærilegs tilviks en þar er komist að þeirri niðurstöðu að það sé á **forræði sérsambandanna** hvernig val fulltrúa á sambandsþing fari fram. Með slíkum reglum er ekki einvörðungu tekin afstaða til þess hvernig fjöldi fulltrúa ákvarðast **heldur einnig með hvaða hætti sérsambandsþing skuli samsett.**

Kærði segist hinsvegar hafa viðhaft þá aðferð undanfarin ár við val fulltrúa á sérsambandsþing að skipta fulltrúm ÍBR á milli aðildarféлага sinna þannig að það þjóni best hagsmunum allra sem stunda viðkomandi íþrótt. Hafi stjórn ÍBR lagt til grundvallar það starf sem er unnið á vegum einstakra aðildarféлага sem m.a. komi fram í fjölda þátttakenda í mótum viðkomandi íþróttagreinar. Því hafi skráning einstakra aðildarféлага í sameiginlegan gagnagrunn íþróttahreyfingarinnar verið lögð til hliðar enda sé sú skráning bæði ónákvæm og oft beinlínis röng. Vísar kærði til 54. gr. laga ÍSí um að “val fulltrúa á sérsambandsþingi miðist við fjölda **iðkenda, féлага eða keppenda** eða eftir annarri aðferð sem viðkomandi sérsamband ákveður, hvert héraðs-samband/íþróttabandalag skal þó a.m.k. eiga rétt á einum fulltrúa.” Kærði telur hinsvegar að 5. gr. laga borðtennissambandsins um að fulltrúafjöldi fari eftir iðkendafjölda **eigi einungis við um fulltrúa ÍBR á borðtennisþingið í heild, en ekki innbyrðis.**

Ekki liggur fyrir í málinu staðfesting á fjölda iðkenda borðtennis innan féлага ÍBR, eða með hvaða hætti hún er staðreynd af hálfu kærða. Eins og málið liggur fyrir er því eðlilegt að kærði hafi sönnunarbyrði fyrir því að iðkendaskráning í borðtennis hjá aðildarfélögum sé röng, en engin gögn hafa verið færð fram því til sönnunar .

Með hliðsjón af því sem að ofan er rakið, og þá einkum orðalagi 5. gr. laga borðtennissambandsins ber að hafa iðkendafjölda í greininni til viðmiðunar þegar val fulltrúa er ákveðið. Verður við túlkun á greininni að horfa til álits laganefndar ÍSÍ frá 21. nóvember 2006 þess efnis að það “sé á **forræði sérsambandanna** hvernig val fulltrúa á sambandsþing fari fram. Með slíkum reglum er ekki einvörðungu tekin afstaða til þess hvernig fjöldi fulltrúa ákvarðast **heldur einnig með hvaða hætti sérsambandsþing skuli samsett.**”

Dómurinn telur því að kærði skuli taka mið af iðkendafjölda félaga sinna þegar hann velur sína fulltrúa á sérsambandsþing Borðtennissambands Íslands. Þar sem fyrir liggur, samkvæmt upplýsingum frá kærða sjálfum, að svo var ekki gert við val á fulltrúum á sambandsþing Borðtennissambandsins þann 18. apríl sl. er óhjákvæmilegt annað að fella umrætt val úr gildi. Því verður að velja fulltrúa ÍBR á borðtennisþingið 2007 á nýjan leik.

DÓMSORÐ

Ákvörðun stjórnar kærða dags. 18. apríl 2007, er birt var með tölvupósti til formanna borðtennisdeilda KR, Víkings og Arnarins sama dag, um val fulltrúa ÍBR á ársþing BTÍ 2007, er ógild.

Ólafur Björnsson

Um áfrýjun:

Heimilt er að skjóta dómi þessum til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, og er áfrýjunarfrestur til áfrýjunardómstólsins ein vika frá því aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu þessa, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að framangreindur dómur var kveðinn upp.